

Föstudaginn 9. október 1953.

Ákærvaldið (Einar B. Guðmundsson)

gegn

James Woodrow Tacket (Sigurður Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 217. gr. og 209. gr. hegningarlaganna og 4. gr. lögreglusamþykktar nr. 160/1943. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Af ástæðum þeim, sem greinir í héraðsdómi, ber að sýkna ákærða af broti gegn 194. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir ákærði með atferli því, sem lýst er í héraðsdómi, hafa gerzt sekur við 209. gr. framangreindra laga og ber að dæma honum refsingu fyrir brot gegn því lagaákvæði, enda hefur sækjanda og verjanda hér fyrir dómi verið gefið færi á að tjá sig um þetta atriði, sbr. 118. gr. laga nr. 27/1951. Þá ber og að heimfæra brot ákærða undir 217. gr. laga nr. 19/1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 14. júlí 1943. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Leitt er í ljós hér fyrir dómi, að ákærði sat í gæzluvarðhaldi hjá varnarliði Bandaríkjamanna í 88 daga sökum árásar þeirrar, sem mál þetta er risið af. Þykir rétt, að gæzluvarðhald þetta komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu ákærða.

Eigi þykir heimild vera fyrir hendi samkvæmt 145. gr. laga nr. 27/1951 til þess að dæma um skaðabótakröfu X á hendur ríkissjóði í máli þessu, og vísast henni því frá héraðsdómi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Skaðabótakröfu X á hendur ríkissjóði vísast frá héraðsdómi.

Ákærði, James Woodrow Tacket, sæti fangelsi 6 mánuði.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða í 88 daga komi til frádráttar refsingunni.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkotnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einaris B. Guðmundssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Með vitnaskýrslum og öðru því, sem leitt er í ljós, er það sannað, að ákærði veittist að konu þeirri, sem í málinu getur, til þess að fullnægja kynhvöt sinni. Féll konan í götuna í viðureigninni, og bograði ákærði yfir henni og fór um hana höndum, er henni barst hjálp. Óvarlegt er að staðhæfa, að ákærði hafi ætlað sér samræði við konuna á götunni, og ber því að sýkna hann af tilraun til brots gegn 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940. En þegar litið er til þess, að ákærði lét í árásinni stjórnast af kynhvöt sinni, fór um konuna höndum og beitti hana miklu ofbeldi, sem hann lét ekki fyrr af en henni barst hjálp, ber að heimfæra brot hans undir 202. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga, enda eru skilyrði fyrir hendi til að beita 202. gr. samkvæmt niðurlagsákvæði 118. gr. laga nr. 27/1951.

Þar sem konan hlaut nokkur meiðsl af viðureigninni, ber einnig að dæma ákærða til refsingar samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt framangreindum forsendum er ég sammála ákvæðum hæstaréttardómsins um refsingu ákærða svo og málskostnað.

Einnig er ég samþykkur ákvæðum dómsins um frávísun skaðabótakröfu á hendur ríkissjóði frá dómi.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 9. apríl 1953.

Ár 1953, fimmtudaginn 9. apríl var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins á Keflavíkurflugvelli af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu Ákæruvaldið gegn James Woodrow Tacket.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. apríl s. l., er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, dagsettu 14. janúar s.l., höfðað gegn James Woodrow Tacket, corporal í varnarliði Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli, fyrir tilraun til nauðgunar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, sbr. 1. og 2. mgr. 20. gr. sömu laga, en til vara fyrir líkamsárás og lögreglusamþykktar brot samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943.

Ákæríst framangreindur James Woodrow Tacket til refsingar samkvæmt framangreindum hegningarlagaákvæðum og 44. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu og til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu sakarkostnaðar.

Þá er þess krafizt, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands verði dæmdur til að greiða X skaðabætur eftir kröfu hennar samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951, viðbæti um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra, 12. gr. 2, og til greiðslu málskostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. nóv. 1919 í Oklahoma í Bandaríkjunum og hefur hann ekki, svo kunnugt sé, sætt refsingu né ákæru hér á landi.

Málavextir:

Ákærði hefur skýrt svo frá, að fimmtudagskvöldið 30. okt. s. l. hafi hann mætt konu nokkurri á götu í Keflavík. Ekkert þekkti hann konu þessa.

Áærða langaði til þess að eiga vingott við konuna og ávarpaði hana með „hallo“ eða einhverju á þá leið. Kveðst hann hafa gripið í hægri hönd hennar, en hún kippti henni að sér. Fylgdist ákærði með konunni 2—3 skref, en þá kveðst hann hafa rekið fótinn í eitthvað og dottið í götuna með þeim afleiðingum, að konan datt um hann og æpti um leið. Ákærði kveðst hafa hjálpað henni á fætur og beðið hana afsökunar. Í sama mund bar þarna að Íslending og spurði hann ákærða, hvað hann hefði ætlað að gera við konuna, en hann sagðist hafa verið að tala við hana.

Ákærði hefur eindregið neitað því að hafa haft nokkuð illt í hyggju gagnvart konunni og að hann hafi lagt á hana hendur og slengt henni í götuna.

X, Keflavík, 60 ára að aldri, en það var hún, sem ákærði mætti, hefur skýrt svo frá, að um kl. 23 umrætt kvöld hafi hún verið á leið heim til sín. Er hún var stödd á Vallargötu í Keflavík, milli húsanna 11 og 13 við Aðalgötu, mætti hún amerískum hermanni, sem þreif í hægri handlegg hennar. Kveðst X hafa slitið sig lausa, en þá hafi hermaðurinn tekið með hægri handlegg utan um háls sér all föstu taki, en með vinstri hendinni fyrir munn sér, en henni tókst að ná hendi hans frá munnum og æpa. Gekk þetta svo til þrisvar sinnum, en þá slengdi hermaðurinn X í götuna á hálstakinu og æpti hún þá um leið.

Kveðst hún hafa fallið á hliðina, samanhnipruð, en ákærði lagðist á hnén og var að leggjast ofan á hana, er mann að nafni Sigurbjörn Reynir Eiríksson bar þar að. Stóð þá ákærði samstundis á fætur og X á eftir og hljóp hún nokkurn spöl í burtu. Ekki kveður X ákærða hafa verið farinn að eiga við fót sín, en segir að sér hafi virzt allir tilburðir hans benda til þess, að ákærði ætlaði að nauðga sér.

Karl G. Magnússon, héraðslæknir í Keflavík, skoðaði X daginn eftir atburð þennan og hefur hann gefið svofellt vottorð:

„Þ. 31. okt. 1952 var mín vitjað til X, er virtist hafa fengið létt tauga-fall vegna árásar, er hún hafði orðið fyrir kvöldið áður.

Auk þess er hún aum viðkomu á baki milli herðablaða og yfir á herða-blöð og finnur til sársauka við hreyfingu.“

Hinn 12/2 s.l. skoðaði Björn Sigurðsson, læknir í Keflavík, X og er vottorð hans svohljóðandi:

„X kvartar um verk ofarlega í baki leiðandi fram í h. handlegg. Er aum við palpation á vöðvum ofarlega við h. herðablað og h. öxl. Varð fyrir árás ameríksks hermanns 29. okt. 1952 og segist hafa fengið högg í bakið þá og aldrei getað náð sér síðan. Er enn fremur mjög taugaveikluð síðan, lýsandi sér í hræðslu og titringi um líkamann.“

Vitnið Sigurbjörn Reynir Eiríksson hefur skýrt svo frá, að er það var að koma út úr húsinu Aðalgötu 12 í Keflavík umrætt kvöld, hafi það heyrt vein. Telur vitnið sig hafa heyrt hljóðað nokkrum sinnum og virtist því sem um niðurbælt hljóð væri að ræða. Í fyrstu hélt vitnið, að hávaði þessi væri í krökkum, og er það kom auga á ákærða og X, hélt það í fyrstu að þetta væru strákar í áflogum, enda var alldimt á þessum stað. En er vitnið átti eftir um 10 metra ófarna að staðnum, sá það, að þetta voru karlmaður og kvenmaður og í sama mund sá vitnið, að maðurinn lagði konuna í götuna. Greindi vitnið, að maðurinn hélt annari hendinni aftur fyrir bak á konunni, en hinni hendinni um háls hennar að framanverðu eða munn, að því er vitninu virtist. Lá maðurinn hálfboginn yfir konunni, en stóð upp, er vitnið kom að þeim. Vitnið fylgdi X heim til sín á Aðalgötu 12 og bað móður sína að gera lögreglunni aðvart, en fór að því búnu út og fylgdi ákærða eftir, unz lögreglan hafði handtekið hann. Vitnið hefur eiðfest framburð sinn.

Vitnið Þórður Pétursson, Aðalgötu 11, Keflavík, skýrir svo frá, að um kl. 23.30 umrætt kvöld hafi það verið heima hjá sér. Var opinn gluggi á herbergi því, sem vitnið var í, og þar sem logn var úti, var mjög hljóðbært. Kveðst vitnið þá hafa heyrt hljóð, sem hvarf að andartaki liðnu, en síðan heyrði vitnið annað óp og stunur á eftir. Fór vitnið þá út, til þess að athuga hvað um væri að vera og sá þá, hvar Reynir Eiríksson fór með X heim til sín. Kom Reynir út að vörmu spori aftur og skýrði Þórði frá því, sem gerzt hafði. Fór Þórður síðan í bíl sínum að leita að ákærða og tókst honum að hafa upp á honum og koma honum inn í bifreiðina og afhenda hann lögreglunni á Keflavíkurflugvelli.

Guðmundur Erlendsson lögregluþjónn og herlögreglumennirnir Raymond Marion Dixon og Richard Silva yfirheyrðu ákærða og skýrði hann þeim

frá því, að hann hefði ætlað að fá samþykki konunnar til að fylgja henni heim og hafa holdleg mök við hana. Viðurkenndi ákærði þetta rétt. Hins vegar neitaði ákærði því við lögreglumennina að hafa ætlað sér að nauðga konunni þarna á götunni og kvað hann þau hafa dottið í götuna.

Ákærði fór út af flugvallarsvæðinu í leyfisleysi umrætt kvöld. Af framburði vitna er það ljóst, að ákærði var ekki undir áhrifum áfengis þetta kvöld, enda neitaði hann því sjálfur.

Oscar E. Hubbard, ofursti í varnarliðinu, sem er geðveikrælæknir, rann-sakaði andlega heilbrigði ákærða og er niðurstaðan sú, að hann sé fyllilega sakhæfur. Helgi Tómasson, yfirlæknir á Kleppi, skoðaði einnig ákærða og er hann samþykkur álitserð Hubbards ofursta.

Með framburði X, eiðfestum framburði Sigurbjörns Reynis Eiríkssonar og vitnisburði Þórðar Péturssonar svo og með tilliti til þess, hve framburður ákærða er ósennilegur, telur rétturinn sannað, að ákærði hafi ráðist á X og fellt hana í götuna. Enda þótt sannað sé, að atferli ákærða hafi stjórnað af kynhvöt hans, þykir ekki nægilega sannað, að ásetningur ákærða hafi verið sá að þvinga konuna til kynferðismaka gegn vilja hennar.

Ber því að sýkna ákærða af kærunni um tilraun til nauðgunar og heimfærist því brot hans undir 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 4. gr. lögreglusamþykktar Gullbringusýslu nr. 160 frá 1943.

Refsing ákærða samkvæmt framangreindu hegningarlagaákvæði og 44. gr. lögreglusamþykktar fyrir Gullbringusýslu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í tvo mánuði.

X hefur krafizt þess, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands verði dæmdur til þess að greiða sér 20.000.00 kónur í skaðabætur vegna fataskemmda, vinnutaps, miska og væntanlegra læknilsaðgerða.

Meiðsli X eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða skaðabætur þeirra vegna, en með hliðsjón af læknisvottorðum og málsvikunum ber samkvæmt lögum nr. 110 frá 1951, 12. gr. 2, að dæma fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til þess að greiða X kr. 2.500.00 í skaðabætur innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar hdl., og skipaðs verjanda, Guðmundar Péturssonar hdl., kr. 650.00 til hvors.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, James Woodrow Tacket, sæti fangelsi í tvo mánuði.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiði X kr. 2.500.00 innan fimmtán daga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, héraðsdómslögmannanna Sigurgeirs Jónssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 650.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.